

429. fundur Framkvæmdarnefndar búvörusamninga var haldinn 20. júní 2018 kl. 14:00 í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir sátu fundinn:

Ólafur Friðriksson ANR, varamaður formanns, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ, Oddný Steina Valsdóttir varamaður, formaður LS, Guðrún Ögmundsdóttir FJR, Arnar Freyr Einarsson ANR og Katrín María Andrésdóttir, frkvstj. SG.

Þá voru einnig mættir Svavar Halldórsson frkvstj. Markaðsráðs kindakjöts, Ágúst Andrésson forstöðumaður hjá KS og Jón Baldur Lorange, frkvstj. Búnaðarstofu.

Fundargerð ritaði Arnar Freyr Einarsson ANR.

Þetta var gert:

1. Tekið fyrir erindi Markaðsráðs kindakjöts frá 12. maí 2018. Þar er óskað eftir að 100 m.kr. af ónýttum beingreiðslum ársins 2018 verði varið til markaðsmála í samræmi við 3.7 gr. samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Erindið var einnig tekið fyrir á síðasta fundi þar sem ákveðið var að óska frekari upplýsinga og fundar við Markaðsráð kindakjöts.

Lagt var fram minnisblað um framleiðslu, útflutning, innanlandssölu og birgðir af kindakjöti. Innanlandssala og útflutningur var 500 tonnum umfram framleiðslu 2017. Útflutningur jókst um 47,4% frá árinu 2016, enda hafa ýmis útflutningsverkefni átt sér stað með aðkomu Icelandic Lamb auk sérstaks átaksverkefnis í samvinnu stjórnvalda, sláturleyfishafa og Markaðsráðs kindakjöts. Til sérstaks markaðsátaks var varið 100 m.kr. af sérstöku framlagi í fjárukalögum 2016 og 100 m.kr. af ónýttum beingreiðslum ársins 2017. Um 30 m.kr. er óráðstafað af ónýttum beingreiðslum ársins 2017. Sláturleyfishafar hafa auk þess lagt til 201 m.kr. til verkefnisins. Um 850 tonn af kindakjöti (haustslátrun 2016) voru flutt út fyrir tilstilli markaðsátaksins sem lauk formlega 31. ágúst 2017. Árangur átaksins var talinn góður og var verkefninu haldið áfram.

Gert er ráð fyrir að eftirstöðvar ónýttar beingreiðslur ársins 2017, 30 m.kr. verði varið í framhald verkefnisins, en nú þegar hafa verið flutt út um 1.500 tonn frá sláturtíð 2017. Óskar Markaðsráð kindakjöts eftir því að 100 m.kr. af ónýttum beingreiðslum ársins 2018 verði varið til framhalds verkefnisins. Útlit er að birgðastaða kindakjöts verði ágæt fyrir sláturtíð 2018 vegna átaksverkefnisins.

Beðið er eftir ákvörðun Framkvæmdarnefndar varðandi ónýttar beingreiðslur 2018. Fram kom á fundinum að óvíst væri hvort sláturleyfishafar birti verðskrá sína til bænda fyrir en eftir að ákvörðun hefur verið tekin. Von er á tillögum samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga um bráðaaðgerðir og skýrslu KPMG um afurðastöðvar í sauðfjárslátrun. Því er enn á reiki hvað stefna verður lögð til grundvallar í starfsumhverfi sauðfjárþænda.

Ekki var tekin ákvörðun um erindi Markaðsráðs á fundinum.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 15:30.